

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Verðlagsráð sjávarútvegsins,
nr. 180 31. október 1962.

1. gr.

Aftan við 11. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á, getur sjávarútvegsráðuneytið vikið frá tíma-
ákvörðunum þessarar greinar samkvæmt ósk verðlagsráðs.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 97 frá 18. desember 1961,
um Verðlagsráð sjávarútvegsins, öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. september 1963.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 174

8. október.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Hveragerðishreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra og skal ráðningartími hans vera til loka kjör-
tímabils hreppsnefndar.

2. gr.

Laun sveitarstjóra skulu vera kr. 12000.00 á mánuði, auk bílastyrks eða ferða-
kostnaðar í samráði við sveitarstjórn.

3. gr.

Sveitarstjóri annast öll þau störf, sem oddvita eru falin samkv. 39. gr. sveit-
arstjórnarlaga, nr. 58 29. marz 1961.

4. gr.

Sveitarstjóri skal fara með framkvæmdastjórn, bókhald og fjárreiður hrepps-
ins, sjúkrasamlags og annara fyrirtækja, sem hreppurinn þarf að veita forstöðu,
eða kann að ráðast í á ráðningartíma sveitarstjóra.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og sam-
þykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til að öðlast
gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felldur starfssamningur fyrir sveitarstjóra í Hveragerðis-
hreppi, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 1. júní 1954.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1963.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.